



Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 30. fundur, 10. mars 2009.

Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar hélt 30. fund sinn, þriðjudaginn 10. mars 2009, kl. 8:00 að bæjarskrifstofu, Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Héðinn Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Málefni:

1. Undirbúningur næsta verkþáttar
2. Næstu skref - framvinda
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

- 1) Farið var yfir gögn frá hönnuðum og skoðaðar þær ábendingar sem gerðar höfðu verið. Vinna við gögnin er á lokastigi og verða þau tilbúin innan fárra daga.
- 2) Framkvæmdahópurinn mun eiga fund með bæjarstjórn síðar í dag til að ræða næstu skref og áframhald verkefnisins. Rætt um að fá arkitekt á fund framkvæmdahópsins til að ræða framhaldið.
- 3) Önnur mál.
 - a) Tæknideild fór yfir umfang framkvæmda við byggingu sundlaugarinnar og gat þess að nýleg ákvörðun stjórnvalda gerir ráð fyrir því að endurgreiða virðisaukaskatt af vinnu á byggingarstað við framkvæmdir sveitarfélaga.
 - b) Rætt um verkstöðu núverandi verkáfanga.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 9.30.

Héðinn Sigurðsson
Guðmundur Haraldsson
Stefán Árnason

Ágúst Þór Bragason